**77. fundur** 16. janúar 2024

2009629SA
Málalykill: 16.32

# Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands, þriðjudaginn 16. janúar 2024. Fundað var á teams.

**Mætt voru:**
Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fyrir hönd sambandsins: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Þessi mál voru tekin fyrir:**

## 1. Röðun forstöðuþroskaþjálfa

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands óskuðu eftir samstarfsnefndarfundi sem haldinn var 19. desember 2023.

Málið varðar starfsmann í sveitarfélagi sem telur sig eiga rétt á röðun í starfsheitið forstöðuþroskaþjálfi 2 í stað forstöðuþroskaþjálfi 1 frá því að hann var fastráðinn til sveitarfélags í janúar 2019.

Starfsmaður fékk leiðréttingu í starfsheitið forstöðuþroskaþjálfi 2 í stað forstöðuþroskaþjálfi 1 frá því að hann vakti athygli vinnuveitanda á röðun sinni í janúar 2023 en að hans mati hefur starfið ekki breyst frá því að starfsmaður hóf störf.

**Niðurstaða:**

Fulltrúar samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga höfðu samband við viðkomandi sveitarfélag og fóru yfir málið.

Fulltrúar sveitarfélags komust að þeirri niðurstöðu, að lokinni skoðun málsins, að starfsmaður ætti rétt á afturvirkri leiðréttingu á röðun í starfsheiti forstöðuþroskaþjálfa 2 frá því að starfsmaður hóf störf sem forstöðuþroskaþjálfi.

Fleira ekki gert.